

Fréttabréf Viðskiptaráðs – 6. mars 2009

Peningastefnunefnd

Í nýjum lögum um Seðlabankann, sem samþykkt voru á Alþingi 27. febrúar síðastliðinn, er kveðið á um að ákvarðanir um beitingu stjórnækja í peningamálum skuli framvegis teknar af sérstakri peningastefnunefnd. Stjórnækjin sem um ræðir eru stýrivextir, ýmis viðskipti við lánastofnanir og bindiskylda, auk viðskipta á gjaldeyrismarkaði sem geta stutt við íslensku krónuna. Ákvarðanir nefndarinnar skulu grundvallast á markmiðum bankans og vönduðu mati á ástandi og horfum í efnahags- og peningamálum og fjármálastöðugleika. Þá ber nefndinni að gefa út opinberar viðvaranir meti hún að alvarleg hættumerki séu til staðar sem ógna fjármálakerfinu.

Formaður peningastefnunefndarinnar er Svein Harald Øygard, sem hefur tímabundið verið skipaður í embætti Seðlabankastjóra, en auk hans sitja í nefndinni Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri og Þórarinn G. Pétursson aðalhogfræðingur bankans. Þá hefur forsætisráðuneytið skipað tvo utanaðkomandi nefndarfulltrúa, Gylfa Zoega prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands og Anne Sibert prófessor í hagfræði við Birkbeck háskólann í London.

Viðskiptaráð fagnar þessum breytingum enda ljóst að peningamálastefnan þarfnast endurskoðunar. Skipun nefndarinnar verður vonandi fyrsta skrefið í þessari endurskoðun, en með breyttu fyrirkomulagi og breiðum hópi sérfræðinga, þeirra á meðal utanaðkomandi fræðimanna, fylgja vonandi nýjar áherslur og önnur sýn á stjórn efnahagsmála. Einnig ber að fagna ríkri upplýsingaskyldu sem hvílir á nefndinni, en það mun gera starfsemi hennar markvissari og gagnsærri. Þá er fyrirkomulagið líklegt til að stuðla að endurreisn trúverðugleika bankans út á við, bæði á Íslandi og í Alþjóðasamfélaginu.

Endurskipulagning Seðlabankans virðist nú vera á lokastigi, sem er sérstakt fagnaðarefni þar sem óvissa um framtíð bankans hefur tafið endurreisnarstarfið. Nú þegar þessum áfanga er lokið getur Seðlabankinn einbeitt sér að fullum krafti að einu brýnasta hagsmunamáli íslensku þjóðarinnar, framtíðarstefnu í peningamálum.

Eru skattahækkunar óhjákvæmilegar?

Ljóst er að verulega mun sverfa að í fjármálum hins opinbera á næstu misserum í kjölfar hruns íslenska fjármálakerfisins. Efnahagsáætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er til vitnis um það, en þar er gert ráð fyrir umtalsverðum halla á rekstri hins opinbera á í ár og á því næsta. Við stjórnvöldum blasir því það vandasama verkefni að brúa þann fjárlagahalla sem sem þjóðin stendur frammi fyrir. Í þessari viðleitni eru einkum tvær leiðir færar: hækka skatta og opinbera gjaldheimtu eða skera niður útgjöld og hagræða

Í opinberum rekstri. Því miður virðist fyrri leiðin hljóta aukinn hljómgrunn, nú síðast á fundi Samfylkingarinnar á Hótel Borg í gærkvöldi, en þar voru þau orð látin falla að skattahækkunir væru óhjákvæmilegar og að einhver hluti þeirra yrði varanlegur.

Skattahækkunir og aukin opinber gjaldheimta eru lítt heppilegar aðgerðir í núverandi árferði. Til að auka skatttekjur þarf annað hvort að auka hlutfallslega skattheimtu eða breikka þá skattstofna sem mynda tekjurnar. Í þessu sambandi má ekki gleyma að þessi tvær þættir vinna gegn hvor öðrum. Aukin skattbyrði leiðir í flestum tilfellum til minnkandi umsvifa og þar af leiðandi þrengri skattstofna. Það er því ekki öruggt að skattahækkunir skili ríkinu auknum tekjum, sér í lagi við núverandi aðstæður. Eins og staðan er í efnahagsmálum þjóðarinnar gæti beinlínis reynst skaðlegt að hækka skatta. Atvinnulífið og heimilin í landinu berjast þegar í bökkum og er ekki á það bætandi með skattahækkunum. Þá er aukin opinber gjaldheimta líkleg til að bitna harkalega á heimilunum í formi verðbólgu, líkt og gerðist með hækkun opinberrar álagningar skömmu fyrir áramót, en hún rataði beint inn í vísitölu neysluverðs og hækkaði því verðtryggðar skuldir.

Sú leið að mæta fjárlagahallanum með auknu aðhaldi í opinberum rekstri og niðurskurði í útgjöldum er mun vænlegri til árangurs og býður upp á meiri möguleika en skattahækkunir. Útgjöld hins opinbera hafa vaxið gífurlega á síðustu árum og því ljóst að svigrúm til niðurskurðar er mjög mikið, raunar svo mikið að fátt sýnist því til fyrirstöðu að hægt sé að mæta fjárlagahallanum að stærstum hluta með auknu aðhaldi af hálfu hins opinbera. Umræðan um að varanlegar skattahækkunir séu óhjákvæmilegar er því á villigötum. Í þessu sambandi minnir Viðskiptaráð á skýrslu sína „[Útþensla hins opinbera: orsakir, afleiðingar og úrbætur](#)“, þar sem ítarlega er fjallað um þróun ríkisútgjalda á síðustu árum og möguleika til úrbóta á því sviði.

Um mikilvægi þess að forðast skattahækkunir er fjallað ítarlega í skoðun Viðskiptaráðs, „[Forðast ber skattahækkunir](#)“.

Ábyrgð og árangur stjórnmalamanna

Háskólinn í Reykjavík og Viðskiptaráð Íslands bjóða upp á stutt nám fyrir einstaklinga sem gegna stjórnarsetu í einkafyrirtækjum og opinberum fyrirtækjum. Markmið námsins, sem fer fram frá 24. mars til 19. maí, er einkum að efla árangur, ábyrgð og trúverðugleika íslenskra fyrirtækja með því að treysta faglegan grunn stjórnarmanna, m.a. með þjálfun á sviði lagalegra, rekstrarlegra, fjárhagslegra og siðferðislegra viðfangsefna.

Nánari upplýsingar um námið og fyrirkomulag þess má nálgast á [heimasíðu Háskólans í Reykjavík](#) eða [hér](#).

Viðskiptaþing 2009

Viðskiptaráð Íslands minnir á árlegt Viðskiptaþing sem haldið verður 12. mars næstkomandi á Reykjavík Hilton Nordica. Yfirskrift þingsins er „Endurreisn hagkerfisins“. Nú þegar hafa á þriðja hundrað manns skráð sig. Dagskrá þingsins er eftirfarandi:

13:00 Skráning

*13:20 Setning og ávarp formanns Viðskiptaráðs
Erlendur Hjaltason, forstjóri Exista*

*13:35 Ræða forsætisráðherra
Jóhanna Sigurðardóttur*

*13:50 Crisis 101: what to do and not to do?
Pedro Videla, hagfræðiprófessor frá IESE Business School*

14:10 Spurningar úr sal til Pedro Videla

14:25 Kaffihlé

*14:50 Afhending námsstyrkja Viðskiptaráðs
Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra*

*15:00 Áherslur stjórnmalaflokkanna
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Samfylkingin
Steingrímur J. Sigfússon, Vinstrihreyfingin Grænt framboð
Geir H. Haarde, Sjálfstæðisflokkurinn
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Framsóknarflokkurinn
Guðjón Arnar Kristjánsson, Frjálslyndi flokkurinn*

*15:40 Viðhorf atvinnulífsins
Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar*

Kristín Pétursdóttir, forstjóri Auður Capital
Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls
Svafa Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík
Vilhjálmur Þorsteinsson, stjórnarformaður CCP

16:20 Móttaka í boði Viðskiptaráðs

Umræður verða undir stjórn Boga Ágústssonar.

Nánari upplýsingar um Viðskiptaþingið og skráningu má nálgast [hér](#).